

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019.

#### 1. gr.

C-liður 2. gr. viðauka 2.6 um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og fristundasviðs breytist og verður svohljóðandi:

- c. Hafa lögbundna umsjón og innra eftirlit með daggæslu barna í heimahúsum og starfsemi dagforeldra, þar með talið að ákveða fyrirkomulag vegna ráðgjafar og umsjónar með daggæslu í heimahúsum til samræmis við reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum, nr. 907/2005. Vinna úr tilkynningum frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og taka afstöðu til þess hvort leggja beri málið í farveg samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum. Jafnframt að veita Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála upplýsingar sem stofnunin óskar eftir og skylt er að veita stofnuninni á grundvelli laga, þar á meðal umsögn um umsókn um leyfi til daggæslu barna í heimahúsum til samræmis við ákvæði reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum, sbr. einnig 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 og lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021.

#### 2. gr.

Samþykkt þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, 23. febrúar 2024.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 15. mars 2024